

UMBODSMADUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F125/2023

Reykjavík, 23. janúar 2023

Jón Gunnarsson
dómsmálaráðherra
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Í aðsendri grein í Morgunblaðinu 30. desember sl. greinduð þér frá þeirri ákvörðun yðar að hefja undirbúning að því að heimila lögreglu að taka í notkun svokölluð „rafvarnavopn“. Í frétt á vefsíðunni mbl.is sama dag kom fram að forsætisráðherra teldi að samtal um innleiðingu rafvarnavopna lögreglu þyrfti að eiga sér stað innan ríkisstjórnar og Alþingis. Samkvæmt vef Stjórnarráðsins mun á fundi ríkisstjórnarinnar 13. janúar sl. hafa verið fjallað um „endurskoðun á reglum um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna frá 1999“.

Í frétt Morgunblaðsins 18. janúar sl. kom fram að þér hefðuð undirritað reglugerð um heimild lögreglu til þess að nota rafvarnavopn skömmu fyrir áramót. Það hefðuð þér staðfest í samtali við blaðið degi áður. Í fréttinni sagði einnig að þér ættuð von á því að reglugerðin yrði birt í Stjórnartíðindum á næstu dögum. Verður af þessu ráðið að reglugerðin eigi ekki að taka gildi fyrr en hún hafi verið birt en tafir á því hafi stafað af annríki vegna birtingar mikils fjölda stjórnvaldsfyrirmæla og tilkynninga í Stjórnartíðindum um og eftir áramót. Þá kemur fram í sömu frétt að lögreglan hafi þegar hafið mótun verklagsreglna um „rafbyssur“ og undirbúning þjálfunar við notkun þeirra svo og að verið sé að undirbúa innkaup á þeim.

Það athugast að þótt í téðri frétt sé rætt um „reglugerð“ verður að ætla að hér sé vísað til breytinga á fyrrgreindum reglum um valdbeitingu lögreglumanna og meðferð og notkun valdbeitingartækja og vopna frá 22. febrúar 1999, sbr. auglýsingu nr. 156/2015 um birtingu þeirra reglna. Eftir því sem næst verður komist hafa hinar nýju reglur ekki enn verið birtar í Stjórnartíðindum.

Samkvæmt 2. tölulið 1. mgr. 6. gr. laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands, skal halda ríkisstjórnarfundum um mikilvæg stjórnarmálefni. Þá segir þar eftirfarandi: „Til mikilvægra stjórnarmálefna teljast t.d. reglugerðir og yfirlýsingar sem taldar eru fela í sér mikilvæga stefnumörkun eða áherslubreytingar [...]“. Af athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 115/2011 er ljóst að ákvæðinu er ætlað vera til fyllingar 17. gr. stjórnarskrárinnar um ráðherrafundi og tilvísun greinarinnar til „mikilvægra stjórnarmálefna“. Samkvæmt 1. málslíð 14. gr. stjórnarskrárinnar bera ráðherrar ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum en í fyrrgreindum athugasemdum við frumvarp til laga nr. 115/2011 segir í þessu tilliti að hafa verði það hugfast að „það er á ábyrgð hvers ráðherra fyrir sig að meta það hvaða málefni teljist mikilvæg í skilningi stjórnarskrárinnar“ þannig að skylt sé að bera það upp á ríkisstjórnarfundum (þskj. 1191 á 139. löggjafarþingi 2010-2011).

Í ljósi framangreinds er þess óskað, með vísan til 5. og 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að ráðherra upplýsi og skýri eftirfarandi atriði áður en tekin verður ákvörðun um framhald málsins:

1. Þess er óskað að ráðherra upplýsi hvenær hann hafi undirritað breytingu á fyrrgreindum reglum á þá leið að lögreglu sé heimiluð notkun svonefndra rafvarnarvopna.
2. Þess er óskað að ráðherra upplýsi annars vegar hvenær umræddar reglur voru sendar til birtingar í Stjórnartíðindum og hins vegar hvort þær hafi verið sendar og/eða kynntar ríkislögreglustjóra sérstaklega. Þá er einnig óskað upplýsinga um hvort ráðherra hafi gefið ríkislögreglustjóra einhver fyrirmæli um undirbúning fyrir framkvæmd reglnanna og þá án tillits til birtingar þeirra í Stjórnartíðindum.
3. Þess er óskað að ráðherra upplýsi hvort honum hafi verið kunnugt um þá afstöðu forsætisráðherra sem áður greinir að samtal um þetta mál þyrfti að eiga sér stað innan ríkisstjórnar.
4. Þess er óskað að ráðherra upplýsi og skýri hvort og þá á grundvelli hvaða mats fullnægt hafi verið fyrrgreindum áskilnaði 2. töluliðar 1. mgr. 6. gr. laga nr. 115/2011 og 17. gr. stjórnarskrárinnar viðvíkjandi uppburði mála í ríkisstjórn og þá m.a. með tilliti til þess hvort téð stjórnvaldsfyrirmæli hafi falið í sér mikilvæga stefnumörkun eða áherslubreytingar.

Að lokum er þess óskað að umboðsmanni verði afhent afrit þeirra gagna sem varpað geta ljósi á málefnið, þ.m.t. undirritað eintak umræddra breytingareglna og staðfestingu á sendingu þeirra til birtingar í Stjórnartíðindum.

UMBODSMADUR ALÞINGIS

Þess er óskað að umbeðin svör og gögn berist umboðsmanni eigi síðar en 6. febrúar nk.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Skúli Magnússon', is written over the typed name. The signature is fluid and cursive, with a long horizontal stroke extending to the left.

Skúli Magnússon

